

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 28. apríl 1973****um breytingu á tilskipun frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri****(73/103/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 43. og 100. gr.,*I. gr.*

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun ráðs-
ins frá 23. nóvember 1970 um aukefni fóðri:

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Komið hefur í ljós að í texta tilskipunar ráðsins frá 23. nóvember 1970 ⁽¹⁾ um aukefni í fóðri er að finna grunnhugtök sem eru afar illa sett fram og því verður að gera breytingar þar að lútandi.

Skrá yfir aukefnin sem heimilt er að nota í fóður er að finna í viðaukum við áðurgreinda tilskipun. Vegna þess að vísinda- og tæknipækkingu á þessu sviði fleygir stöðugt fram er nauðsynlegt að aðlaga ofangreinda viðauka hratt. Slík aðlögun er að mestu leyti tæknilegs eðlis. Málsmeðferð sú sem kveðið er á um í ofangreindri tilskipun virðist ekki vera í samræmi við eðli og mikilvægi þeirra ráðstafana sem grípa á til. Því er ráðlegt að greiða fyrir breytingum á viðaukunum með því að kveða á um hentugri starfsaðferðir.

1. Í stað orðanna „veevoeding“, „veevoeders“ og „veevoeder“ komi orðin „diervoeding“, „diervoeders“ og „diervoeder“ í fyrirsögn, inngangsorðum og ákvæðum hollenska texta tilskipunarinnar, að undanskildum f-lið 2. gr. þar sem í stað orðsins „veevoeders“ komi orðið „mengvoeders“.
2. Í stað orðanna „ætlað til iðnaðarframleiðslu“ í f-lið 2. gr. komi orðin „ætlað viðurkenndum framleiðendum“ og orðið „viðurkenndum“ verði bætt framan við orðið „framleiðendum“ í a-lið 1. mgr. 9. gr.
3. Í 2. mgr. 3. gr. komi orðin „ef enginn sérákvæði eru í viðaukanum“ aftan við orðin „til heilfóðurs“.
4. Eftirfarandi texti komi í stað textans í 5. mgr. 3. gr.:

„Ekki má blanda saman hníslalyfjum og öðrum lyfjum (I. viðauki D og II. viðauki B) að svo miklu leyti sem áhrif þeirra eru svipuð, nema þegar hafi verið kveðið á um slíka blöndu í þessum viðaukum.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

5. Tilvísun til efnisins E 711 í 7. mgr. 3. gr. strikist út.
6. Orðið „fullvaxin“ í c-lið 1. mgr. 4. gr. strikist út; að auki komi orðin „köfnunarefnissambönd sem eru ekki prótín“ í stað orðsins „þvagefni“.
7. Síðasti málslíður 5. gr. strikist út.
8. Texti annars undirlíðar 1. mgr. 6. gr. falli brott.
9. Eftirfarandi málsgrein bætist við 6. gr.:
- „1 a) Vegna aukinnar vísinda- og tækniþekkingar skal gera breytingar á viðaukunum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í a-lið 16. gr.“
10. Eftirgreindar prófanir komi í stað inngangstexta 2. mgr. 6. gr.:
- „2. Þegar breytingar eru gerðar á I. viðauka skal taka mið af eftirgreindum grundvallaratriðum:“
11. Eftirgreindur texti komi í stað texta 7. gr.:
- „7. gr:
1. Telji aðildarríki að eitt aukefnanna sem skráð eru í I. viðauka sé notað í fóður eða ef hámarks magnið sem ákveðið er fyrir slík aukefni gæti stofnað heilsu dýra eða manna í hættu má þetta aðildarríki fresta tímabundið gildistöku heimildarinnar til að nota aukefnið eða lækka hámarks magnið. Það skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gripið er til og tilgreina ástæður fyrir ákvörðuninni.
2. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í b-lið 16. gr. skal þegar í stað ákveða hvort breyta skuli I. viðauka. Þar til ákvörðun hefur verið tekin, annaðhvort af ráðinu eða framkvæmdastjórninni, í samræmi við ofangreinda málsmeðferð mega ráðstafanirnar sem aðildarríkin beita vera í gildi.“
12. Orðin „og snefilefna (I. hluti I. viðauka)“ í innganginum og orðin „eða snefilefna“ í b-lið falli niður.
13. Eftirgreindar greinar bætist við:
16. gr. a)
1. Þegar fylgja á málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari grein skal formaðurinn, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis, án tafar vísa málinu til fastanefndar um fóður, hér eftir kölluð „nefndin“.
2. Atkvæði aðildarríkjanna vega eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.
3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar og skulu þær koma til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitni, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fram tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.
- Ef ráðið hefur ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og skulu þær koma til framkvæmda án tafar nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.
16. gr. b)
1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar án tafar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.
2. Innan nefndarinnar vega atkvæði aðildarríkjanna eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.
3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu innan tveggja daga. Álitnið skal samþykkt með 41 atkvæðis meirihluta.
4. Framkvæmdastjórnin samþykkir fyrirhugaðar ráðstafanir og skulu þær koma til framkvæmda án tafar, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitni, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja fram tillögu til ráðsins um ráðstafanir sem

gera skal. Ráðið skal samþykkja ráðstafanirnar með auknum meirihluta.

Ef ráðið hefur ekki samþykkt neinar ráðstafanir innan fimmtán daga frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema einfaldur meirihluti í ráðinu hafi greitt atkvæði gegn þeim.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu, fyrir tímamörkin sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunarinnar frá 23. nóvember 1970, samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskip-

un þessari. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 28. apríl 1973.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LAVENS

forseti.